

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 14. júlí 2023

Mál nr. S-1016/2023:

## Ákærvaldið

(Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari)

## gegn

## X

(Páll Kristjánsson lögmaður)

## D Ó M U R

### I

Mál þetta sem dómtekið var 7. júní 2023 að lokinni aðalmeðferð, er höfðað af héraðssaksóknara með ákæru dagsettri 30. mars 2023 á hendur X, kt. 000000-0000, [...]:

„fyrir eftirgreind kynferðisbrot og stórfelld brot í nánu sambandi gegn þáverandi eiginkonu sinni, A, kt. 000000-0000, á árinu 2020 á sameiginlegu heimili þeirra að [...], nema annað sé tekið fram:

1. Nauðgun, með því að hafa aðfararnótt miðvikudagsins [...], með ólögmætri nauðung og án samþykkis, haft samræði og endaparmsmök við A, og notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðnum sökum svefndrunga og ölvunar, með þeim afleiðingum að A hlaut smá fleiður á innanverðum skapabörmum, punktablæðingar í slímhúð neðan við þvagrásarop og gyllinæðagúl við endaparm.

Telst þetta aðallega varða við 2. mgr. 194. gr. en til vara við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Nauðgun, með því að hafa að kvöldi fimmtudagsins 12. nóvember og aðfararnótt föstudagsins 13. nóvember í sumarbústað í [...], með ólögmati nauðung og með því að beita aflsmunum, ítrekað haft samræði við A, án samþykkis, þrátt fyrir að hún reyndi að ýta ákærða frá sér og bæði hann um að hætta, en ákærði hafði samræði við hana í sófa í stofunni og stuttu síðar aftur inn í svefnherbergi og er ákærði hætti í stutta stund náði A að flýja inn í eldhús en ákærði elti hana og hélt aftur á henni inn í svefnherbergi þar sem hann hélt áfram að hafa við hana samræði, allt með þeim afleiðingum að A hlaut eymsli á hálsi og herðum og mar á ytri kynfærum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Stórfelld brot í nánu sambandi, með því að hafa viðhaft þá háttsemi sem lýst er í framangreindum ákæruliðum og þannig ítrekað, alvarlega og á sérstaklega meiðandi hátt brotið alvarlega gegn þáverandi eiginkonu sinni og skapað viðvarandi ógnarástand í sambandi þeirra sem olli A andlegum þjáningum, kúgun og vanmætti sem hún upplifði við þessar aðstæður sem ógnuðu heilsu og velferð hennar.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu er höfð uppi einkaréttarkrafa af hálfu A, kt. 000000-0000, þar sem þess er krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 5.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 1. september 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er birt til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu, en til var að honum verði gerð vægasta refsing. Þá gerir ákærði þá kröfu aðallega að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi, en til vara að hann verði sýknaður af kröfunni og til þrautavara að krafan verði lækkuð. Þá gerir ákærði

þá kröfu að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða verði greidd úr ríkissjóði.

## II

### *Helstu málavextir*

Þann 22. desember 2020 mætti brotþoli, A, á lögreglustöðina við Hverfisgötu og lagði fram kæru á hendur ákærða, X. Lýsti brotþoli í skýrslutöku meðal annars þeim atvikum sem ákæra máls þessa varðar. Lýsti brotþoli hinu fyrra atviki þannig að hún hafi átt afmæli umræddan dag, [...]. Hafi hún og ákærði farið saman í bæinn og fengið sér áfengi og hafi brotþoli að eigin sögn verið „sótölvuð“. Þegar heim var komið hafi brotþoli farið í sturtu en kvaðst lítið annað muna fyrr en hún vaknar daginn eftir og finnur fyrir óþægindum í endaparmi. Hafi ákærði þá verið „sturลาður“ af reiði vegna ummæla sem brotþoli átti að hafa viðhaft um hann um nóttina. Hafi ákærði meðal annars brotið vegg á heimili hennar. Kveðst brotþoli í framhaldinu hafa fengið vinkonur sínar til að skutla sér á Bjarkarhlíð og þaðan í Kvennaathvarfið ásamt börnum sínum, þar sem hún dvaldi allt fram til 20. september sama ár. Um tveimur dögum eftir umrætt atvik kveðst brotþoli hafa leitað til neyðarmóttöku á Landspítala.

Þá lýsir brotþoli því að um miðjan nóvember sama ár hafi hún og ákærði farið saman með börnum í sumarbústað í [...], þar sem þau hafi dvalið frá mánudegi fram til föstudags. Lýsti brotþoli því að hún og ákærði hafi síðast kvöld þeirra í ferðinni farið saman í heitan pott við bústaðinn. Þar hafi ákærði byrjað að strjúka henni og hafi hann beðið um að fá að nudda fætur brotþola, sem hún hafi leyft honum að gera. Hafi ákærði í framhaldinu byrjað að strjúka á henni lærin og sagt við hana í hótunartón, að hún hefði ekki eins mikla stjórn á aðstæðum og hún héldi. Að því loknu hafi brotþoli farið inn á baðherbergi í sturtu, en ákærði hafi elt hana þangað, káfað á henni og viljað sápa brotþola, sem hún hafi leyft honum að gera. Brotþoli hafi, að lokinni sturtu, vafið um sig handklæði og sest í sófa í stofu. Hafi ákærði sótt sæng og breitt yfir hana þar sem hún hafi legið á bakinu í sófanum. Hafi hann í framhaldinu byrjað að strjúka brotþola um brjóstin og lagt höfuð hennar í kjöltu sér. Hafi ákærði haldið höfði hennar og strokið um hár og um leið talað niðrandi til hennar. Skyndilega hafi ákærði snöggreiðst, tekið sængina af brotþola og nauðgað henni um leggöng. Lýsti brotþoli því að hún hafi legið

Þannig á sófanum að rass hennar hafi verið á sófabrúninni en höfuð hennar kramið, eða í nokkurs konar vinkli, við sófabakið. Hafi hún af þeim sökum átt erfitt með að anda á meðan á þessu hafi staðið. Að hennar sögn mun ákærði haft sáðlát á stofugólfið. Að því loknu hafi brotþoli farið inn í herbergi þar sem sonur þeirra hafi sofið, en börnin tvö sváfu í sitt hvoru svefnherbergi bústaðarins. Greindi brotþoli svo frá að ákærði hafi komið inn í herbergið og fært drenginn inn til stúlkunnar. Hafi ákærði í framhaldinu lagst upp í rúm til brotþola og byrjað að toga niður nærbuxur hennar. Hafi brotþoli þá gripið um geirvörtu ákærða og snúið upp á hana, í þeirri von að það myndi stöðva ákærða. Ákærði hafi í framhaldinu afklætt brotþola og nauðgað henni. Að sögn brotþola mun ákærði hafa fengið sáðlát í leggöng hennar. Að því loknu hafi brotþoli farið fram úr rúminu og inn í eldhús. Hafi ákærði elt hana þangað og haldið á henni inn í herbergi þar sem hann hafi afklætt hana og nauðgað að nýju. Greindi brotþoli svo frá að ákærði hafi svitnað mikið þar sem hann hafi hamast mikið við aðfarirnar og hafi rúmið rennblotnað af þeim sökum. Brotþoli kvaðst ekki geta sagt til um hversu oft ákærði hafi fengið sáðlát. Að sögn brotþola hafi ákærði síðar sömu nótt gert sig líklegan til að halda áfram að áreita brotþola. Hafi hann meðal annars ruðst inn til hennar þar sem hún var inn á baðherbergi, tekur hana upp og fer með hana á ný inn í herbergi þar sem hann hafi afklætt hana. Brotþoli kveðst þá hafa reiðst og sagt við ákærða að hann gerði móður sína ekki stolta með þessu. Að sögn brotþola hafi henni þá fundist sem ákærði hafi áttað sig á aðstæðum og látið af frekari háttsemi í hennar garð. Að því loknu hafi brotþoli lagst til svefns í rúmi barnanna og sofið þar til morguns. Þegar heim var komið hafi brotþoli leitað til Kvennaathvarfsins og jafnframt á neyðarmóttöku þar sem hún hafi undirgengist skoðun.

Ákærði skýrði svo frá fyrir lögreglu að þau hafi farið saman út að skemmta sér [...] 2020, en þá hafi brotþoli átt afmæli. Þegar þau hafi komið heim aftur hafi þau stundað kynlíf á eðlilegan hátt, eins og ákærði lýsir því. Ákærði kvaðst ekki muna hvort hann hafi þá haft samræði við brotþola í endaþarm, en hann haldi að hún hafi samþykkt kynlífið umrætt sinn.

Varðandi annan ákærulið kvað ákærði að vel hafi farið á með þeim í sumarbústaðnum. Síðasta kvöldið þar hafi þau farið saman í heitan pott, en börn þeirra hafi þá verið sofnuð. Þau hafi drukkið rauðvín og rætt saman. Að því loknu hafi þau farið saman í sturtu og í

framhaldinu hafi þau haft samfarir í sturtunni, sem ákærði vísaði til sem „venjulegt kynlíf“ en að því loknu hafi þau farið sátt að sofa.

B hjúkrunarfræðingur á neyðarmóttöku tók á móti brotþola síðdegis [...] 2020 ásamt C lækni. Í móttökuskýrslu B og C, sem þær staðfestu fyrir dómi, kemur fram að brotþoli sé hlédræg í frásögn sinni af atburðum, allt að því feimin. Hún segi skilmerkilega og skýrt frá atburðum. Þá greinir að gerð hafi verið líkamsskoðun sem leitt hafi í ljós marbletti á vinstri fótlegg. Kvenskoðun leiði í ljós fleiður og punktblæðingar á innanverðum skapabörnum. Gyllinæðargúll hafi greinst við endaparm. Tekin hafi verið sýni fyrir kynsjúkdómum og einnig lífsýnum á kynfærum auk þess sem blóðprufur voru teknar

B tók aftur á móti brotþola að kvöldi 13. nóvember sama ár ásamt D lækni. Í móttökuskýrslu B og D, sem þær staðfestu einnig fyrir dómi, kemur fram að brotþoli sé róleg og skýr í frásögn en líði ekki vel. Hún sé ósátt við sjálfa sig fyrir að hafa treyst ákærða og farið með honum í sumarbústað. Brotþoli finni fyrir uppgjöf en sé samt staðföst í því að láta ákærða ekki brjóta sig niður. Greinir einnig að brotþoli sé sjáanlega kvíðin og ráðalaus. Hún finni fyrir öryggi í Kvennaathvarfinu þar sem hún dvelji. Brotþoli sofi illa. Þá greinir í vottorðinu að ekki sé að sjá áverka á bók, útlimum eða höfði. Strok hafi verið tekið frá ytri og innri kynfærum til DNA-rannsóknar. Á vinstri skapabarmi sé að sjá lítið mar. Þungunarprufa var tekin og reyndist neikvæð. Tekið var strok til rannsóknar á kynsjúkdómum. Þá hafi verið tekin prufa úr útbrotum efst í leggöngum.

Sýni sem tekin voru við báðar heimsóknir á neyðarmóttöku sýndu ekki fram á sjáanlegar sáðfrumur.

Í málinu liggur fyrir vottorð E félagsráðgjafa og fjölskyldufræðings frá 6. apríl 2021, en brotþoli mun hafa mætt reglulega til hennar í viðtöl allt frá því í lok nóvember 2020. Í vottorðinu greinir að brotþoli hafi greint skýrlega frá ítrekuðu andlegu og kynferðislegu ofbeldi af hálfu barnsföður síns. Brotþoli glími við mikinn kvíða og hefur verið með áleitnar sjálfsvígshugsanir sem allt bendi til að séu afleiðingar langvarandi ofbeldis. Hafi brotþoli tvívegis verið lögð inn á geðdeild af þeim sökum.

Þá liggur fyrir vottorð F sérfræðings í klínískri sálfræði frá 25. janúar 2021. Í vottorðinu greinir að F hafi hitt brotþola níu sinnum í viðtölum á tímabilnu 12. mars fram til 20. október 2020. Greinir þar að brotþoli hafi verið trúverðug og að gott samræmi hafi verið í frásögn hennar í viðtölum og hún hafi virst opinská og samstarfsfús. Þá hafi brotþoli greint frá áfallastreitueinkennum sem og þunglyndis-, kvíða- og streitueinkennum eftir meint kynferðisbrot. Sálræn einkenni hennar í kjölfar áfallsins samsvari einkennum sem þekkt séu hjá fólki sem hafi upplifað alvarleg áföll svo sem líkamsárás, nauðgun, stórslys eða hamfarir. Í vottorðinu kemur fram að niðurstöður formlegs greiningarmats sýndu að brotþoli uppfyllti öll greiningarskilmerki áfallastreituröskunar eftir ætlað ofbeldi. Greinir jafnframt að brotþoli hafi hafið sérhæfða hugræna atferlismeðferð við áfallastreituröskun og vegna annarra afleiðinga áfallsins, en þegar meðferðin hafi nýlega hafist hafi hún kosið að hætta í henni. Á þeim tímamarki hafi ekki verið komnar fram vísbendingar um bata og hafi hún enn uppfyllt öll viðmið áfallastreituröskunar. Að mati F sé ekki ólíklegt að brotþoli þurfi síðar að leita sér meðferðar að nýju vegna afleiðinga ætlaðs ofbeldis. Einnig þurfi að hafa í huga að jafnvel þótt hún nái að ráða bug á áfallastreituröskuninni séu líkur á að hún þurfi áfram að takast á við afleiðingar ætlaðs ofbeldis í daglegu lífi hennar, til dæmis tengt áminningum um ætlað ofbeldi og börnum hennar og geranda. Greinir í skýrslunni að ekki sé unnt að segja til um með vissu hver áhrif ætlaðra kynferðisbrota verði til lengri tíma en ljóst sé að það hafi haft víðtæk áhrif á líðan brotþola.

Í vottorði G sérfræðings í klínískri sálfræði sem dagsett er 4. júní 2021 kemur fram að brotþoli hafi komið til hans í svokallað makaviðtal 7. september 2020. Greinir í vottorði G að við mat á alvarleika ofbeldisins hafi brotþoli skorað 74 stig sem teljist vera alvarlegt ofbeldi. Hafi hún lýst miklu ofbeldi sem hafi verið líkamlegt, andlegt og kynferðislegt. Þá greinir í vottorðinu að brotþoli hafi lýst atburðum á tilfinningalega flatan hátt, á sama hátt og þeir aðilar geri sem séu með alvarlega áfallastreituröskun. Að mati G hafi allt í frásögn brotþola virkað trúverðugt.

Þá liggja fyrir í málinu skýrslur frá Bjarkarhlíð og Kvennaathvarfinu.

Enn fremur liggja fyrir í málinu útprentanir af samksiptum brotaþola og ákærða á samskiptamiðlinum Facebook frá 25. febrúar 2020 fram til 15. ágúst sama ár, auk þess sem ákærði lagði fram sams konar samskipti þeirra í milli sem varði tímabilið frá október 2020 fram til mars 2021.

Við rannsókn málsins voru teknar skýrslur af vitnunum H, sem ekki gaf þó skýrslu fyrir dóminum, I, J og K.

### III

#### *Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Ákærði kom fyrir dóminn og neitaði sök í öllum ákæruliðum. Kvaðst hann hafa verið góður eiginmaður og faðir, en hann hafi ekki séð börn sín í um þrjú ár. Ákærði kveður samband hans og brotaþola hafa varað í um átta ár, en það hafi hafist í [...] 2012. Hann kveður samband þeirra hafa verið gott. Þau hafi verið góð saman og góðir vinir. Þau hafi eignast saman tvö börn, dreng sem fæddur er árið [...] og stúlku sem er fædd árið [...]. Þau hafi „alltaf verið saman“. Þegar hún hafi farið í vinnu hafi hann farið með börnin tvö á leikskóla. Ákærði kveður samband þeirra hafa versnað eftir fæðingu dóttur þeirra og erfiðleikar í sambandi þeirra hafist þegar hann hafi farið til [...]. Ákærði kveðst ekki hafa verið í óreglu. Hann hafi þó reykt „gras“ en hann hafi ekki talið það hafa valdið vandkvæðum í sambandinu. Brotaþoli hafi þó hvatt ákærða til að hætta reykingum. Hann hafi verið í vinnu og stundað íþróttir. Það hafi komið ákærða á óvart þegar brotaþoli hafi yfirgefið heimili þeirra í [...]mánuði árið 2020. Að sögn ákærða hafi ýmist hann eða brotaþoli haft frumkvæði að kynlífi.

Ákærði kveðst aldrei hafa beitt brotaþola ofbeldi eða lagt á hana hendur. Hann kannist ekki við að hafa sofið hjá brotaþola þegar hún hafi ekki getað spornað við samræði sökum svefndrunga.

Ákærði kveðst nú vera í sambandi með annarri konu. Hann kveðst ekki hafa hitt börnin síðan í ágúst 2021 og ekki vera í neinu sambandi við þau í dag. Ákærði kveðst jafnframt eiga barn sem sé búsett á [...]. Að sögn ákærða hafi hann unnið á [...] en honum hafi verið sagt upp störfum 6. júní síðastliðinn vegna máls þessa.

Aðspurður kveðst ákærði ekki hafa fengið gögn málsins í hendur undir rannsókn málsins. Hann hafi ekki fengið að sjá ýmis gögn máls svo sem samskipti hans og brotaþola fyrir en í apríl á þessu ári. Ákærði segir ýmis samskipti vanti í þau gögn sem lögregla hafði með höndum við rannsókn málsins.

#### *Sérstaklega varðandi ákærulið 1*

Ákærði kveðst hafa verið að skemmta sér umrætt kvöld með brotaþola. Þau hafi bæði verið ölvuð. Þegar heim var komið hafi þau notið ásta og síðan farið að sofa. Ákærði kveður samkomulag þeirra umrætt kvöld hafa verið ágætt. Þau hafi ekki rifist. Ákærði kveðst þó muna eftir því að brotaþoli hafa farið af heimilinu ásamt börnunum og ekki komið aftur. Þetta gæti hafa verið daginn eftir umrætt kvöld, eða [...] 2020. Hafi samskipti þeirra í framhaldinu verið ágætt. Þau hafi rætt saman og sent hvort öðru skilaboð.

Ákærði kveðst þann [...] þetta ár hafa verið börnin heima en brotaþoli hafi „verið úti að djamma“ með frænku sinni, L, og systur hennar. Brotaþoli hafi komið heim um klukkan sjö morguninn eftir og hafi þá tjáð ákærða að hún hafi farið á neyðarmóttöku þar sem henni hafi verið nauðgað. Brotaþoli hafi síðan farið af heimilinu en ákærði kveðst ekki vita hvert hún fór, en börn þeirra hafi verið eftir hjá ákærða. Ákærði kveðst ekki muna hvenær hún kom heim á ný. Ákærði kveðst ekki hafa valdið þeim áverkum sem greindust á henni á neyðarmóttöku.

Að sögn ákærða hafi þau verið í samskiptum eftir þetta. Aðspurður um samskipti þeirra á Facebook, rituð á [...], sem eiga að hafa átt sér stað á milli 25. febrúar og 15. ágúst 2020, kveður hann íslenska þýðingu þeirra vera að ýmsu leyti ranga. Til að mynda hafi hann þar ekki vísað til þess að hafa stundað kynlíf með brotaþola.

Borin voru undir ákærða ummæli sem hann viðhafði við skýrslutöku hjá lögreglu þar sem hann segist hafa haldið að brotaþoli hafi samþykkt kynlíf með ákærða umrætt sinn. Að sögn ákærða hafi þau bæði verið mjög ölvuð og þau hafi stundað saman kynlíf með fullu samþykki hennar. Inntur eftir því hvers vegna ákærði hafi beðist afsökunar í

fyrirgreindum samskiptum þeirra kvaðst ákærði hafa verið með öðrum konum, þegar hann hafi verið ungur. Ákærði kveður brotþola hafa reiðst sér af þeim sökum.

#### *Sérstaklega varðandi ákærulið 2*

Að sögn ákærða hafi þau í nóvember 2020 tekið ákvörðun um að fara saman í sumarbústað ásamt börnum þeirra. Hafi brotþoli pantað bústaðinn en ákærði greiddi leigugjaldið. Þau hafi skemmt sér vel saman í ferðinni, leikið með börnunum og borðað saman. Síðasta kvöld þeirra í ferðinni hafi þau sofið saman. Þau hafi verið saman í heitum potti og drukkið þar áfengi. Að því loknu hafi þau notið ásta í baðherbergi sumarhússins, nánar tiltekið í sturtuklefa. Að því loknu hafi þau lagst til svefns. Hafi brotþoli sofnað með syni þeirra M en ákærði með dóttur þeirra N. Daginn eftir hafi þau haldið heim á leið. Á heimleiðinni hafi þau komið við á veitingarstaðnum KFC, þar sem ákærði hafi keypt handa þeim mat. Síðar þennan dag, eða daginn eftir, hafi brotþoli sent ákærða skilaboð þess efnis að ákærði gæti sótt eigur sínar, sem væru nú fyrir utan íbúð þeirra. Ákærði kveðst ekki hafa hitt brotþola eftir þetta. Þau hafi þó verið í einhverjum samskiptum með tölvupósti, en ákærði hafi þá óskað eftir að fá að hitta börn þeirra. Þeirri beiðni hafi brotþoli hafnað og vísað á sýslumann.

#### *Brotþoli, A:*

#### *Sérstaklega varðandi ákærulið 1*

Brotþoli kveðst hafa átt afmæli [...] 2020. Þau hafi farið í bæinn til að fagna deginum og verið þar lengi. Þegar þau hafi komið heim hafi hún farið í sturtu. Kveðst brotþoli ekki muna meira frá þeim degi, en hún hafi verið það ölvuð að hún hafi „ekki munað eftir kvöldinu, þessari nótt“. Brotþoli hafi vaknað daginn eftir en þá hafi ákærði „verið mjög reiður“ og borið upp á hana að hún hafi sagt hann hafa verið „ógeðslegur um nóttina“. Ákærði mun í framhaldinu hafa yfirgefið húsnæðið. Brotþoli kveðst hafa frétt að ákærði hafi komið aftur heim og brotið þar hurð eða vegg við hurð. Hafi brotþoli þá afráðið að leita til Bjarkarhlíðar og í framhaldinu í Kvennaathvarfið, en hún kveðst hafa „vitað og fundið“ að ákærði hefði nauðgað henni um nóttina. Hafi vinkonur vitnisins farið með henni þangað. Hún hafi fundið það „í líkamanum“. Henni hafi verið illt í endaparmi, en hún hafi ekki fundið til eða verið með áverka annars staðar. Aðspurð hvort hún hafi fundið fyrir slíkum verkjum áður sagði hún að ákærði hefði ítrekað,

vikurnar fyrir umrætt atvik, nauðgað vitninu í endaparm og kveður hún ákærða hafa viljað að hún myndi meiða sig. Hafi brotaþoli því afráðið að leita til neyðarmóttöku til skoðunar, en þangað hafi hún leitað að kvöldi þessa dags.

Brotaþoli kveðst ekki hafa farið með börnin sín tvö í Kvennaathvarfið en þau hafi komið þangað síðar um kvöldið. Brotaþoli kveðst hafa verið í „mjög miklum Facebook samskiptum“ við ákærða eftir þetta, auk þess sem þau hittust nokkrum sinnum á þeim tíma á meðan hún hafi enn verið í athvarfinu. Nokkru síðar hafi hún og börnin farið aftur heim dagpart þar sem hún hitti ákærða, en farið á ný í Kvennaathvarfið síðar sama dag, enda hafi ákærði þá þegar ásakað hana um framhjáhald. Samskipti þeirra á þessum tíma hafi ekki verið kynferðislegt. Hún hafi hins vegar afráðið að hitta ákærða svo að börnin gætu fengið að hitta föður sinn, auk þess sem hún kveðst ekki hafa viljað „viðurkenna“ fyrir sjálfri sér „allt þetta ofbeldi“ og vonaðist til að ástandið myndi batna.

Brotaþoli kveðst hafa snúið aftur heim úr Kvennaathvarfinu í september þetta ár

Brotaþoli kveður félagslegar aðstæður sínar á þessum tíma ekki hafa verið góðar og að „stuðningsnet“ hennar hafi ekki verið mikið. Hún hafi verið félagslega einangruð og ekki átt marga vini.

Brotaþoli kveður aðspurt að rekja megri þá áverka sem greinst hafi á henni við skoðun á neyðarmóttöku að öllu leyti til ætlaðrar nauðgunar umrætt sinn. Þá greindi brotaþoli svo frá að hún áður verið með gyllinæð sem rekja hafi mátt til fæðingar barns hennar, sem hafi fæðst um [...].

### *Sérstaklega varðandi ákærulið 2*

Brotaþoli kveður að í haustið 2020 hafi ákærði verið fluttur út úr húsnæði vitnisins og þau hafi verið skilin að skiptum. Brotaþoli kveðst þá hafa flutt aftur heim með börnin. Samskipti þeirra hafi þó aukist á þessum tíma og hafi ákærði meðal annars fengið að gista heima hjá henni í um tvær til þrjár nætur, þegar börnin hafi ekki verið heima. Ákærði hafi þá sifið á sófa. Ekkert kynferðislegt hafi hins vegar átt sér stað á milli þeirra á þessum tíma.

Brotapoli kveður ákærða hafa stungið upp á því í nóvember þetta ár að þau færu saman með börnin í bústaðarferð. Hafi hún tekið vel í það enda hafi hún óskað þess að börn þeirra gætu átt foreldra sem væru vinir. Ferðin hafi framan af gengið vel og hafi brotapolí ekki gefið ákærða nokkurt tilefni til að ætla að samband þeirra yrði nánara. Síðasta kvöld þeirra í sumarhúsinu hafi þau farið saman í heitan pott, en þá hafi börnin verið farin að sofa. Hafi ákærði þar snert brotapolu og mjaðmir hennar. Ákærði hafi boðið brotapolu að nudda á henni tærnar, sem hún hafi í fyrstu tekið vel í. Ákærði hafi hins vegar ekki hætt, þegar hún hafi óskað eftir því, heldur haldið um fætur hennar og kveður brotapolí ákærða hafa sagt „þú hefur ekki eins mikla stjórn á aðstæðum eins og þú heldur“. Hafi henni liðið líkt og ákærði gæti „kippt í“ fætur hennar og drekkt henni. Hafi hún upplifað sig í lífshættu og því hafi hún ekki átt annað val en að „hlýða“ ella hlyti hún verra af. Kvaðst brotapolí enda hafa reynslu af því.

Ákærði hafi sleppt brotapolu sem hafi þá farið í sturtu. Ákærði hafi elt hana þangað og farið með henni inn í sturtuklefan. Hafi hún talið að ákærði ætlaði sér „eitthvað kynferðislegt“. Kveðst brotapolí ekki muna nákvæmlega hvað hafi farið þeirra á milli en hún hafi beðið ákærða að fara út úr klefanum á meðan hún færi úr sundbol sínum. Ákærði hafi hins vegar ekki orðið við því, heldur verið þar áfram og meðal annars sápað á henni líkamann, gegn vilja hennar. Brotapolí kveðst hafa liðið eins og hún „væri mús í búi“. Hafi ákærði því næst meinað henni að klæða sig í föt. Hún hafi því vafið utan um sig handklæði og farið inn í stofuna og sest í sófa. Ákærði hafi þá náð í sæng og breitt yfir brotapolu. Ákærði hafi sest hjá henni í sófanum og lagt höfuð hennar í kjöltu sér og strokið henni um hár. Að sögn brotapolu hafi ákærði sagt við vitnið að hún „væri ógeðsleg og hóra“. Hafi hún reynt að setjast upp í sófanum en ákærði hafi þá „rykkt“ höfði hennar aftur til sín. Hafi ákærði í framhaldinu nauðgað henni í sófanum. Brotapolí segist hafa legið með „bakið á sessunni á sófanum“ og að höfuð hennar hafi verið í „samskeytunum á sessunni og bakinu“, og „svo hamaðist hann bara“ og hafi hann engu skeytt um það þótt hún hafi verið þessu mótfallin. Að sögn brotapolu hafði ákærði samræði við hana um leggöng.

Þegar ákærði hafði lokið sér af hafi brotapolí staðið upp og farið inn í herbergi þar sem sonur þeirra svaf og lagst upp í rúm hans. Minni brotapolu að hún hafi klætt sig í föt áður en hún fór inn í herbergið enda hafi hún þá talið að „þetta væri búið, en það var ekki

búið“. Brotapoli kveðst ekki geta fullyrt hvort ákærði hafi í fyrrgreint sinn fengið sáðlát og þá hvort hann hafi haft sáðlát í leggöng. Aðspurð kvaðst brotapoli hafa gert ákærða fulla grein fyrir því að hún „vildi ekkert kynferðislegt“. Kveðst hún ekki muna hvort þau hafi átt í orðaskiptum á meðan á þessu hafi staðið. Að sögn brotapola hafi ákærði ekki þrýst á háls hennar umrætt sinn, en hún segist telja að rekja megi áverka á hálsi hennar og á herðum til þeirra aðfara sem ákærði viðhafði við nauðgunina, en við þær hafi skapast þrýstingur á hálsi og herðum brotapola.

Brotapoli kveður ákærða hafa elt sig inn í herbergið, tekið drenginn upp og farið með hann í annað herbergi þar sem dóttir þeirra svaf „og heldur áfram“. Ákærði hafi afklætt brotapola og nauðgað henni. Þegar ákærði hafi lokið sér af hafi brotapoli sagt við ákærða að hún væri þyrst og viljað fá sér að drekka. Þegar brotapoli hafi ætlað að klæða sig í föt hafi ákærði sagt við hana að það tæki því ekki. Kveðst hún hafa farið fram í eldhúsið, en ákærði elt hana. Brotapoli hafi farið inn á baðherbergi en hún hafi ekki náð að loka hurðinni, þar sem ákærði hafi varnað því. Segir brotapoli ákærða þá hafa spurt hana hvort hún vildi fara sjálf inn í svefnherbergi eða hvort hann ætti að halda á henni þangað. Greindi brotapoli svo frá að ákærði hafi tekið hana upp og haldið á sér inn í svefnherbergi þar sem hann hafi „haldið áfram að nauðga“ sér. Brotapoli kveðst ekki geta sagt nákvæmlega til um hversu lengi þetta hafi staðið yfir, en þó að „þetta þriðja skipti hafi allvegana verið það langt að allt rúmið var orðið blautt af svita“ og að svitinn hefði lekið af ákærða þar sem hann hafi „verið búinn að hamast það lengi“. Brotapoli kveðst á þessum tíma hafa talið að hún myndi deyja og því hafi hún afráðið að segja við ákærða eitthvað á þá leið að mamma hans yrði ekki stolt af honum. Hafi brotapoli jafnframt spurt ákærða að því hvort hann hefði í hyggju að drepa hana, en þá hafi ákærði hætt. Í kjölfarið hafi brotapoli farið í svefnherbergi þar sem börnin tvö sváfu og lagst þar til svefns, en þá hafi langt verið liðið á nóttina.

Brotapoli kveður ákærða hafa vaknað snemma næsta morgunn og sinnt börnunum á meðan hún hafi sofið. Þau hafi síðar þann dag yfirgefið bústaðinn og haldið heim. Ákærði hafi komið með brotapola inn í íbúð hennar. Brotapoli hafi þá beðið ákærða um að sendast til að sækja eitthvað að borða fyrir börnin, sem ákærði hafi gert. Þegar ákærði hafði yfirgefið heimilið hafi hún haft samband við Kvennaathvarfið og farið þangað í viðtal. Að því loknu hafi hún haldið heim til sín, pakkað niður í tösku og farið aftur í

Kvennaathvarfið, eftir að hafa farið með börnin til stuðningsfjölskyldu sinnar. Síðar um kvöldið hafi hún komið við í apóteki og keypt sér svokallaða neyðarpillu og í framhaldinu farið á neyðarmóttöku.

Aðspurð um það hvort brotaþoli hafi beðið ákærða að hætta kveðst hún hafa þegar í upphafi gert ákærða það ljóst að hún vildi ekki eiga við hann kynmök. Hún hafi aldrei gefið samþykki sitt og hafi ákærði ekki leitað eftir því. Þá hafi hún verið mjög hrædd við ákærða og hafi hún til að mynda grátið úr hræðslu í þriðju atlögu ákærða, en ákærði hafi hlegið.

Brotaþoli kveðst ekki muna hvort ákærði hafi haft sáðlát inn í leggöng hennar, en hún hafi þó talið svo vera enda hafi hún þá afráðið að taka svokallaða neyðarpillu til að koma í veg fyrir getnað.

#### *Annað*

Aðspurð kveðst brotaþoli stundum neyta áfengis í óhófi. Hún kveðst almennt ekki eiga vanda til þess að falla í nokkurs konar óminnisástand (e. blackout) sökum áfengisneyslu. Það hafi hins vegar ágerst nokkuð eftir fyrrgreint atvik í febrúar 2020. Að sögn brotaþola munu þau margsinnis áður hafa stundað kynlíf undir áhrifum áfengis.

Að sögn brotaþola hafi ákærði áður sýnt af sér svipaða hegðun. Hafi hann til að mynda einu sinni tekið um háls hennar þannig að á sá og eitt skipti hafi hann slengt höfði hennar utan í vegg. Þá hefur hún greint frá því að ákærði hafi á öskudag þetta ár nauðgað sér.

Brotaþoli segir umrædd atvik hafa haft mikil neikvæð áhrif á hana. Hún segir taugakerfi sitt vera ónýtt og að hún sé með mikla áfallastreytu, og á tímabili kveðst hún hafa efast um að hún gæti lifað með þessu. Brotaþoli hafi jafnvel haft sjálfsvígshugsanir. Brotaþoli kveðst vera í námi sem hún hafi hafið haustið 2021, en hún kveðst ekki hafa getað unnið í kjölfar atvika. Að sögn brotaþola hafi hún ekki leitað oft til sálfræðings í kjölfar þessara atvika, en hún hafi þó hitt sálfræðing áfallateymis Landspítala þrisvar sinnum, auk þess sem hún hafi margoft rætt við meðferðaraðila og ráðgjafa Bjarkarhlíðar. Þá kveðst brotaþoli, eftir að hún hafi farið í Kvennaathvarfið í fyrsta skipti, hafa rætt atvik við vinkonur sínar.

Vitnið B hjúkrunarfræðingur á neyðarmóttöku Landspítala kveður brotþola fyrst hafa komið á bráðamóttöku spítalans aðfararnótt 7. mars 2020, en hún hafi þá verið undir áhrifum áfengis. Hún hafi í fyrstu afþakkað skoðun en komið aftur að morgni næsta dags. Hafi vitnið rætt við brotþoli sem hafi tjáð henni að hún hafi verið í hjúskap í átta ár en að undanfarin tvö ár hafi hún „upplifað meiri og meiri niðurlægingu í sambandinu, andlegt ofbeldi og svo hafi kynferðisofbeldi komið ofan á það“ Hafi hún tjáð vitninu að ákærði hefði meðal annars brotið á henni kvöldið áður. Vitnið kveðst jafnframt hafa tekið sýni hjá brotþola, meðal annars fyrir smitsjúkdómum. Kveðst hún ekki hafa heyrt aftur frá brotþola fyrr en hún hafi fengið símtal frá Kvennaathvarfi [...] sama ár, en þá hafi vitnið ásamt C kvensjúkdómalækni framkvæmt réttarlæknisfræðilega skoðun á brotþola.

Vitnið kveður brotþola hafa liðið mjög illa við komu. Hún hafi grátið og verið ráðalaus. Vitnið kveður brotþola hafi verið með áverka á kynfærum.

Í ágúst sama ár hafi brotþoli sett sig í samband við vitnið og lýst vanlíðan. Hafi vitnið þá fengið hjá henni tvær phenergan töflur. Síðar sama mánuð hafi vitnið á ný tekið á móti brotþola, að tilvísun Kvennaathvarfsins, en þá hafi brotþola liðið mjög illa. Tekið hafi verið á móti brotþola á bráðamóttöku þar sem hún hafi undirgengist læknisskoðun.

Í nóvember sama ár hafi vitnið ásamt D lækni á ný tekið á móti brotþola. Vitnið kveður brotþola hafa lýst því að ákærði hafi niðurlægt hana í tali á meðan á „þessu hafi staðið“ og hann hafi jafnframt ásakað brotþola um að hafa verið með öðrum karlmönnum á þeim tíma þegar hún var í Kvennaathvarfi. Kveðst vitnið hafa greint sjáanlega andlega og líkamlega vanlíðan hjá brotþola, hún hafi verið með vöðvaspennu, grátið og verið óttaslegin. Í raun hafi brotþoli verið með slík einkenni í öll fjögur skiptin sem vitnið hafi tekið á móti brotþola.

Aðspurð um það hvort áverkum sem lýst sé í læknisvottorði vegna ákæruliðar eitt komi heim og saman við þá háttsemislýsingu sem lýst sé í ákæruliðnum kveður vitnið gyllanæðagúl geta myndast við endaparmsmök. Vitnið kveður að ekki megi alltaf greina sár eða álíka áverka í kjölfar slíkra aðfara, einkum og sér í lagi ef notuð hafi verið

sleipiefni eða að áður hafi verið stunduð ítrekuð endaparmsmök. Kveðst vitnið hafa skoðað yfir 400 brotaþola, bæði karlmenn og konur, og það megi ekki alltaf greina áverka.

Að sögn vitnisins voru þeir áverkar sem lýst er í ákærulið tvö ekki í ósamræmi við þá háttsemi sem þar er lýst. Í því efni telur vitnið að máli skipti að brotaþoli hafi sjálf lýst því að hafa lítið streist á móti af ótta við viðbrögð ákærða. Kveðst vitnið af reynslu sinni staðfesta að ekki megi ávallt greina áverka á kynfærum vegna nauðgunar. Þá segir vitnið að lífsýni megi alls ekki alltaf greina við skoðun vegna nauðgana, auk þess sem ýmislegt geti haft áhrif á það til dæmis hvort brotaþoli hafi farið í sturtu eða bað í framhaldi nauðgunar, píssað eða verið á blæðingum.

*Vitnið D læknir nr. [...]* kveðst hafa framkvæmt skoðun á brotaþola við komu hennar á neyðarmóttöku 13. nóvember 2020. Aðspurð segir vitnið þá áverka sem greinst hafi á brotaþola og getið er á læknisvottorði geti verið afleiðing þeirrar háttsemi sem brotaþoli hafi lýst. Þó telur vitnið óvíst að útbrot sem greinst hafi efst í leggöngum geti verið afleiðing nauðgunar. Hafi vitnið tekið stök úr leggöngum sem hafi ekki gefið jákvæða svörun við þeim bakteríu- eða veirusýkingum sem hún hafi leitað eftir við skoðun. Vitnið kveðst þó ekki vera þess fullviss að um útbrot hafi verið að ræða og geti ekki útilokað að um hafi verið að ræða áverka.

Vitnið kveðst ekki hafa kannað hvort sæðisfrumur hafi verið að finna í leggöngum brotaþola og geti ekki staðfest að þær hafi fundist við skoðun. Vitnið kveðst hafa tekið stök úr brotaþola til að kanna lífsýni, en hafi ekki framkvæmt sérstaka smásjárskoðun enda sé slíkt almennt ekki gert. Þá kveðst vitnið aðspurt ekki geta staðhæft hversu langan tíma það tekur fyrir mar að myndast á húð.

Vitnið kveðst staðfesta fyrirbyggjandi læknisvottorð.

*Vitnið K* kveðst vera vinkona brotaþola. Greindi vitnið svo frá að brotaþoli hafi rætt við sig og aðrar vinkonur hennar um samband sitt og ákærða, þar á meðal um atburði umrædda daga. Hafi vitnið, ásamt brotaþola og vinkonu þeirra, J, leitað ráða hjá

starfsmönnum Bjarkarhlíðar og í framhaldinu hafi þær haft samband við Kvennaathvarfið.

Varðandi atvik 12. og 13. nóvember 2020 kveður vitnið brotþola rakið atburði þessa daga. Hafi brotþoli nefnt við vitnið að hún hafi verið hrædd við ákærða. Brotþoli hafi þar lýst því að henni hafi fundist sem ákærði hefði verið í „transi“. Ákærði hafi farið með brotþola inn í sturtuklefa sumarhússins og þrifið hana, gegn hennar vilja, en brotþoli hafi verið „lömuð af hræðslu“. Ákærði hafi í framhaldinu sest með henni í sófa og haldið höfði hennar í kjöltu sér og ítrekað við brotþola að hún ætti að leyfa honum að vera góður við sig. Brotþoli hafi lýst því að ákærði hafi nauðgað henni „mjög oft“. Hafi ákærði verið „rennandi sveittur“. Þá kveður vitnið að brotþoli hafi á „einhverjum tímamarki“ reynt að flýja frá ákærða og hlaupið inn á baðherbergi, en ákærði hafi elt hana þangað. Hafi brotþoli lýst því að á þessum tíma hafi hún verið mjög hrædd og „hálf öskrað“.

Vitnið kveðst lítið sem ekkert hafa hitt brotþola og ákærða saman á árinu 2020. Þær hafi hins vegar verið í nokkrum samskiptum, aðallega að degi til, en þær hafi báðar verið í fæðingarorlofi.

*Vitnið I*, frænka brotþola, kveðst lítið vita um atvik máls og hún hafi „mjög takmarkað“ rætt þau við brotþola, en hún hafi skynjað að brotþoli hafi á þeim tíma átt erfitt með að skýra frá atburðum. Hún kveðst þó hafa heyrt að ákærði hafi „gengið í skrokk“ á brotþola „og nauðgað henni“ í umræddri sumarbústaðarferð í nóvember 2020. Þá kveðst henni vera kunnugt um að ákærði hafi nauðgað henni á afmælisdegi brotþola fyrir þetta ár. Vitnið kveðst ekki muna hvenær þetta hafi nákvæmlega borið á góma, en það kunni að hafa verið á því ári eða á árinu 2021. Vitnið kveðst hafa verið í miklum samskiptum við brotþola og ákærða á þessum tíma. Að sögn vitnisins hafi börn ákærða og brotþola verið nokkuð í „pössun“ hjá vitninu. Hún hafi þó verið í litlum samskiptum við ákærða, þótt hún hafi hitt hann nokkrum sinnum. Vitnið segist einkum hafa verið í miklum samskiptum við brotþola á þeim tíma þegar ákærði hafi verið búsettur í [...], en þau samskipti hafi dregist töluvert saman þegar hann sneri aftur til Íslands. Vitnið kveðst hafa skynjað nokkra spennu í samskiptum þeirra og að henni hafi jafnframt fundist sem ákærði hafi reynt að takmarka samskipti brotþola við vitnið. Vitnið kveður

brotapola, á þeim tíma þegar ákærði hafi verið búsettur í [...], hafa „opnað sig“ töluvert um kynferðisofbeldi af hálfu ákærða, sem brotapolí hafi reyndar þá ekki talið vera ofbeldi af þeim toga. Þá hafi vitnið haft eftir brotapolu að ákærði hafi ítrekað meinað sér að hitta vinkonur sínar. Hann hafi viljað fylgjast með brotapolu og meðal annars ítrekað gert þá kröfu að hún hefði símasamand við hann þegar hún var með vinkonum sínum.

Vitnið kveðst hafa flutt inn í íbúð brotapolu eftir atburði 12. og 13. nóvember 2020. Hafi vitnið þá greint ýmislegt í íbúðinni sem hún taldi ekki eðlilegt. Vitnið kveður brotapolu hafa sagt sér að ákærði hefði nauðgað henni í sturtu í sumarbústaðnum. Vitnið kveður líðan brotapolu á þessum tíma hafa verið „hræðilega“. Hafi brotapolu verið „vofa af einstaklingnum sem hún hafði alltaf verið“, en hún hafi ekki notið neins stuðnings frá fjölskyldu sinni.

Aðspurð kveðst vitnið ekki muna nákvæmlega þá frásögn sem höfð var eftir henni í lögregluskýrslu, en telur líklegt að hún hafi þá munað betur atvik og frásögn brotapolu en nú.

*Vitnið J* kveðst fyrst hafa skynjað að eitthvað hafi verið að í sambandi ákærða og brotapolu þegar ákærði „fór út“. Þá hafi brotapolu skýrt frá ýmsu sem hafi „hringt viðvörunarbjöllum“.

Vitnið kveðst, ásamt vitninu K, hafa farið með brotapolu í Kvennaathvarfið daginn eftir afmæli hennar, [...] 2020. Hafi brotapolu lýst atvikum svo að hún og ákærði hafi farið út að skemmta sér í tilefni afmælisins. Segir hún „það hafa gengið ágætlega þangað til að hann hafi farið að gera sig líklegan til þess að brjóta á henni“. Minnir vitnið að brotapolu hafi sagst hafa sagt við ákærða að hann „væri ógeðslegur“. Hafi ákærði þá reiðst, pakkað niður og farið. Daginn eftir hafi vitnið ásamt vinkonum þeirra farið með brotapolu í Bjarkarhlíð og í framhaldinu „náð að sannfæra“ hana um að fara í Kvennaathvarfið. Vitnið kveðst ekki muna nákvæmlega hvað hafi farið þeim á milli, en kveðst þó muna að þær hafi „rætt þessi brot áður“. Hafi skilningur vitnisins hafa verið sá að ákærði „hafi ætlað að nauðga henni eða beita hana kynferðisofbeldi“. Vitnið kveðst þó ekki reka minni til þess að brotapolu hafi greint frá slíkri nauðgun eða kynferðisofbeldi.

Vitnið kveðst hafa hitt brotþola, ásamt vinkonum þeirra, og rætt atvik í sumarbústaðnum. Þar hafi brotþoli lýst því að hún og ákærði hafi verið í heitum potti. Hafi brotþoli að því loknu farið í sturtu þar sem ákærði hafi „byrjað að þvo henni“. Brotþoli hafi tjáð þeim að hún hafi þá verið mjög hrædd við ákærða og því hafi hún leyft honum að þvo sér og hafi ákærði í kjölfarið brotið gegn henni. Kveðst vitnið minna að brotþoli hafi nefnt að ákærði hefði hugsanlega innbyrt stinningarlyf, þar sem hann hafi ítrekað brotið á henni.

*Vitnið O* heimilislæknir nr. [...] kveðst hafa hitt brotþola nokkrum sinnum árið 2020. Vitnið kveðst staðfesta fyrirbyggjandi vottorð sem hún hafi gert og undirritað ásamt P hjúkrunarfræðingi 3. mars 2021, sem hún kveður hafa verið unnið eftir frásögn brotþola.

*Vitnið P* hjúkrunarfræðingur kveðst staðfesta læknisvottorð frá 3. mars 2021 sem hún hafi gert og undirritað ásamt O heimilislækni. Vitnið kveður brotþola hafa liðið mjög illa á þessum tíma. Hún hafi verið kvíðin og hrædd. Vitnið segir brotþola hafa tjáð sér að ákærði áreitti hana kynferðislega á kvöldin, þegar börn þeirra væru sofnuð. Að hennar sögn mun þetta hafa átt sér stað „í nokkur skipti“.

*Vitnið E*, [...]félagsráðgjafi hjá Landspítalanum kveðst hafa fengið beiðni frá Kvennaathvarfinu haustið 2020 um að hitta brotþola. Kveðst vitnið hafa hitt brotþola reglulega síðan þá, bæði fyrir tilstuðlan hennar, Kvennaathvarfsins og barnaverndar. Vitnið segir brotþola hafa sýnt „gríðarlega mikil streitueinkenni“. Hún hafi verið með „skýra varnarhætti“ og sýnt „sérkennileg viðbrögð í aðstæðum“ sem hafi lýst sér í því að svipbrigði og tjáning hafi ekki verið í samræmi við alvarleika frásagnar hennar, en slík viðbrögð séu þekkt í kjölfar áfalla. Einkenni brotþola hafi verið svipuð og hjá þeim sem greinast með mikla áfallastreituröskun, sem hún hafi verið greind með af áfallateymi Landspítala. Telur vitnið að sú greining hafi verið gerð á vordögum 2020.

Að sögn vitnisins fylgja áfallastreituröskun fjögur megin einkenni; það er endurupplifanir, mikil „forðun“, brenglað sjálfsmat og einkennilegt mat á aðstæðum og loks „ofurárverkni“. Hafi öll þessi einkenni verið til staðar hjá brotþola. Hafi megin áhersla meðferðar brotþola falist í því að efla „streituþol í aðstæðum“ og „virkja

bjargráð“. Vitnið kveðst enn eiga viðtöl við brotþola en geti þó ekki skilgreint það sem „virkt meðferðarsamband“, en brotþoli bíði meðferðar hjá áfallateymi Landspítala. Vitnið segir brotþola fram til þessa ekki verið í aðstöðu til að þiggja áfallameðferð vegna „aðstæðna í umhverfi“.

Vitnið kveðst staðfesta vottorð sitt frá 4. maí 2023.

*Vitnið G* sálfræðingur kveðst hafa tekið brotþola í svokallað makaviðtal 7. september 2020. Hafi brotþoli þar lýst „endurteknum nauðgunum“ og rætt um töluvert miklar „andlegar árásir tengdar afbrýðisemi“, auk annara atvika í sambandi hennar og ákærða. Vitnið kveður brotþola hafa skorað 74 stig við mat á alvarleika ofbeldis, sem sé „hátt upp í kvarða sem teljist „alvarlegt ofbeldi““. Kveður vitnið lýsingar brotþola á ætluðu kynferðisofbeldi hafa verið „með grófari lýsingum“ sem hann hafi fengið, en vitnið kveðst ekki kalla allt ömmu sína í þeim efnum.

Vitnið kveðst staðfesta vottorð sitt frá 4. júní 2021.

*Vitnið F* sálfræðingur kveðst fyrst hafa komið að málinu þegar brotþoli hafi leitað á neyðarmóttöku í mars 2020, en vitnið sé á vegum sálfræðiþjónustu neyðarmóttöku. Hafi vitnið aftur hitt brotþola í maí sama ár, þegar brotþoli hafi á ný leitað þangað. Hafi brotþoli aftur haft samband í ágúst sama ár og óskað eftir aðstoð, en þá hafi vitnið hitt hana í sjö skipti í september og október það ár. Alls hafi vitnið því rætt samtals níu sinnum við brotþola. Vitnið kveður ekki óalgennt að fólk mæti einungis í eitt viðtal en afþakki frekari meðferð, líkt og brotþoli hafi gert. Oftast sé það vegna þess að fólk telur sig ekki þurfa frekari aðstoð þar sem því líði ágætlega.

Vitnið kveður brotþola hafa greint frá áfallastreytueinkennum sem tengst hafi sérstaklega umræddu ofbeldi af hálfu ætlaðs geranda, og „þá sérstaklega kynferðisbrotunum“, sem hafi truflað hana meira en annað ofbeldi. Hafi brotþoli greint frá „miklum minningum sem hafi sótt á hana“, til dæmis tilteknu augnaráði sem ákærði hafi sýnt þegar hann hafi beitt hana ofbeldi, sem hafi „poppað upp“ í huga hennar. Brotþoli hafi sýnt mikil líkamleg viðbrögð þegar atvik hafi verið rifjuð upp eða hún hafi orðið vör við eitthvað sem minnt hafi hana á atvik. Hafi viðbrögðin meðal annars lýst

sér í skjálfta og svita. Hafi brotaþoli forðast að horfast í augu við „alvarleika ofbeldisins“, meðal annars með því að neyta áfengis. Þá hafi brotaþoli greint frá því að finna fyrir ítrekuðum dofa, áhugaleysi og brotakenndum minningum, líkt og vitnið segir vera algengan fylgifisk áfalla. Brotaþoli hafi verið vör um sig og hún „vildi helst fela sig“ og hafi upplifað hættur í umhverfinu og ótta gagnvart ákærða.

Að mati vitnisins hafi brotaþoli talið sig hafa reynt að setja mörk, sem ekki hafi verið virt, og hún hafi upplifað sig sem valdalaus og því telji vitnið að brotaþoli hafi staðið nokkuð höllum fæti gagnvart ákærða. Aðspurð kveðst vitnið ekki hafa hitt brotaþola eftir 12. nóvember 2020.

Vitnið kveðst staðfesta vottorð sitt frá 25. janúar 2021.

*Vitnið R* félagsráðgjafi, starfsmaður Kvennaathvarfs, kveðst hafa rætt við brotaþola við komu hennar til athvarfsins og hafi „unnið mjög þétt“ með brotaþola á meðan hún dvaldi þar. Vitnið kveður frásögn brotaþola hafa verið „mjög í samhengi“, bæði innbyrðis og í samanburði við „áfallaeinkenni“ brotaþola og afleiðingar ítrekaðs og alvarlegs ofbeldis. Vitnið kveðst ekki hafa greint einkenni brotaþola með formlegum hætti, enda hafi hún ekki slíkt leyfi, en engu að síður álitur vitnið að brotaþoli hafi haft einkenni hugrofs, sem séu mjög þekkt varnarviðbrögð hjá aðilum sem búa við mikla streitu og hafi lent í áföllum.

*Vitnið C* læknir nr. [...] kveðst hafa skoðað brotaþola við komu hennar á neyðarmóttöku Landspítala [...] 2020. Telur vitnið þá áverka sem greinst hafi á brotaþola geti vel samræmst frásögn hennar. Aðspurð kveðst vitnið væntanlega ekki hafa skoðað sérstaklega hvort sæðisfrumur hafi greinst í leggöngum brotaþola, enda sé ekki hakað í þann reit á vottorði, auk þess sem vitnið kveðst almennt ekki framkvæma slíka skoðun. Þá kveðst vitnið aldrei áður hafa greint slíkar frumur þegar eftir þeim hafi verið leitað.

Að mati vitnisins er mjög ólíklegt að þeir áverkar sem lýst er í vottorðinu, það er fleiður á innanverðum skapabörmum beggja vegna auk punktblæðinga í slímhúð neðan við þvagrás, hafi getað hlotist við „venjuleg“ eða „eðlileg“ kynmök. Almennt kveðst vitnið sjaldan sjá slíka áverka við störf hennar á neyðarmóttöku, þá hafi hún aldrei greint slíka

áverka við almenn störf hennar sem kvensjúkdómalæknir, en hún kveðst skoða hátt í 20 konur á dag. Kveðst vitnið ekki rannsaka erfðaeefni við skoðun á neyðarmóttöku, enda sé það hlutverk lögreglu að rannsaka þau sýni sem tekin eru þar af læknum.

Varðandi tilvísun í vottorði vitnisins til grængulra marbletta sem vitnið hafi greint á sköflungi og við hné brotþola kveðst vitnið ekki vera þess fullviss að slíkt geti samræmst við ákomu eða áverka sem veittir hafa verið tveimur dögum áður, en almennt séu marblettir með slíkan litarhátt þegar þeir séu orðnir „nokkurra daga gamlir“. Vitnið kveðst þó ekki geta fullyrt um það.

Vitnið kveður þá áverka sem greinst hafi við endaparm vel geta passað við frásögn brotþola, enda sé alls ekki almennt að frekari áverkar greinist við slík þvinguð kynmök í endaparm, jafnvel þótt ekki séu notuð sérstök sleipiefni. Varðandi gyllinæðagúl sem greinst hafi við skoðun á brotþola, kveðst vitnið ekki geta fullyrt um að slíkt flokkist endilega sem áverki, enda greinist slíkt reglulega hjá fólki sem ekki hafi sögu um kynferðisofbeldi. Gyllinæð sé algengt fyrirbæri sem sé til dæmis mjög algengt við barnsburð. Kveðst vitnið ekki geta fullyrt hversu langan tíma það tekur fyrir gyllinæð að myndast í endaparmi, enda sé hún ekki sérfræðingur á því sviði. Slíkt geti hins vegar verið þrálátt.

Vitnið kveðst staðfesta vottorð hennar dagsett [...] 2020.

#### IV

##### *Niðurstæða*

Ákærði hefur fyrir dómi neitað sök. Hefur ákærði gengist við því að hafa átt samræði við brotþola í umrædd tvö skipti en að það hafi verið með fullu samþykki hennar og eigi háttsemislýsing ákæru ekki við rök að styðjast.

##### *Ákæruliður 1*

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærði sakaður um nauðgun aðfararnótt miðvikudagsins [...] 2020 á þáverandi sameiginlegu heimili hans og brotþola í Reykjavík, með því að hafa, með ólögumatri nauðung og án samþykkis, haft samræði og endaparmsmök við

brotapola, og notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum svefndrunga og ölvunar, með þeim afleiðingum sem nánar greinir í ákæru. Ákærði neitar alfarið sök og krefst sýknu.

Að framan hefur verið gerð grein fyrir málsatvikum eins og þeim hefur verið lýst í kæru brotapola til lögreglu og með hliðsjón af fyrirbyggjandi málsgögnum. Þá hefur verið rakinn framburður ákærða, brotapola og annarra vitna sem komu fyrir dóminn til skýrslugjafar. Í málinu liggur einnig fyrir skýrsla hjúkrunarfræðings og læknis á neyðarmóttöku Landspítala um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotapola við komu hennar þangað, sem og fjöldi annarra gagna sem vitna um ástand brotapola, bæði andlegt og líkamlegt, þar á meðal skýrslur sálfræðinga og félagsfræðinga. Gáfu vottorðsgjafar allir skýrslur fyrir dóminum og staðfestu fyrirbyggjandi skýrslur sínar.

Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings og læknis á neyðarmóttöku frá [...] 2020 kemur fram að brotapolu hafi komið á móttökuna klukkan 16:30 þennan dag. Í skýrslunni er frásögn brotapola af atvikum skráð líkt og rakið hefur verið að framan. Greinir í vottorðinu að gerð hafi verið líkamsskoðun á brotapola sem leitt hafi í ljós marbletti á vinstri fótlegg. Þá hafi kvenskoðun leitt í ljós fleiður og punktblæðingar á innanverðum skapabörmum. Gyllinæðargúll hafi greinst við endaparm. Tekin hafi verið sýni fyrir kynsjúkdómum og einnig lífsýnum á kynfærum auk þess sem blóðprufur voru teknar.

Byggir ákærvaldið á að leggja beri framburð brotapola til grundvallar við úrlausn ákæruefnisins til sönnunar þeirri háttsemi sem ákærða er gefin að sök, auk þess sem horfa verði til annarra gagna um andlegt- og líkamlegt ástand brotapola sem og til framburðar vitna, vinkvenna brotapola. Sýknukrafa ákærða byggist hins vegar á því að ákærvaldinu hafi ekki tekist að færa fram óbyggjandi sönnur fyrir sekt ákærða og vísar hann einkum til þess að ekki sé unnt að leggja til grundvallar framburð brotapola, enda sé hún í raun ekki til frásagnar um atburði næturinnar. Hafi ákærði gengist við því að hafa stundað kynmök með brotapola um nóttina, en að það hafi verið með samþykki hennar. Hann hafi að minnsta kosti talið svo vera. Þá sé ekki unnt að leggja til grundvallar við úrlausn málsins þá áverka sem hafi greinst á brotapola, einkum gyllinæðagúl.

Ákærði og brotþoli voru í hjúskap á þessum tíma. Eru þau ein til frásagnar um það sem gerðist umrædda nótt, en brotþoli hefur raunar sjálf lýst því að hún muni ekki eftir atvikum en að hún telji þó að ákærði hafi nauðgað sér með þeim hætti sem lýst er í ákæruskjali þar sem hún hafi fundið til óþæginda í endaparmi að morgni næsta dags. Í vottorði neyðarmóttöku er áverkum lýst sem að framan greinir. Er það mat dómsins að þeir áverkar geti ekki einir og sér rennt stoðum undir þá háttsemi sem ákærða er gefin að sök í ákæruliðnum. Í því efni verður ekki horft fram hjá því mati C læknis, sem framkvæmdi skoðun á brotþola við komu hennar á neyðarmóttöku, að gyllinæðargúll, sem greinst hafi við skoðun, teljist að hennar mati ekki endilega vera áverki, enda greinist slíkt reglulega hjá fólki sem ekki hafi sögu um kynferðisofbeldi. Slíkt geti að mati læknisins reynst þrálátt. Þá hefur brotþoli sjálf borið að hafa áður þjádst af gyllinæð, sem hún tengi einkum við barnsburð. Það sama á við um aðra þá áverka sem greindust á brotþola, það er punktblæðingar og fleiður við kynfæri, enda hefur læknirinn ekki geta útilokað að þeir kunni að hafa myndast við „venjuleg“ eða „hefðbundin“ kynmök, þótt hún telji það ólíklegt.

Í samræmi við 18. gr. almennra hegningarlaga verður ákærði ekki sakfelldur fyrir brot gegn 194. gr. laganna nema fyrir liggja sönnun um ásetning hans til allra efnisþátta brotsins. Á ákærvaldinu hvílir að sanna, svo ekki verði hafið yfir skynsamlegan vafa, að þannig hafi verið ástatt um brotþola að hún gat ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans, líkt og greinir í ákvæðinu. Þá þarf ákærvaldið jafnframt að sanna að ákærða hafi verið ljóst, eða eftir atvikum látið sér í léttu rúmi liggja, að samþykki brotþola til kynferðismaka var ekki fyrir að fara í umrætt sinn, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008.

Við mat á huglægri afstöðu ákærða verður ekki litið fram hjá því að þau voru í hjúskap á þessum tíma og höfðu verið í sambúð um nokkra hríð og stundað kynlíf í sambandinu.

Líkt og að framan greinir eru aðilar tvö til frásagnar um atburði. Ekkert liggur fyrir í gögnum máls um að ölvunarástand brotþola hafi verið með þeim hætti að hún hafi ekki getað spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans, þótt þau hafi bæði greint svo frá að hafa verið mjög ölvuð umrætt sinn. Hefur brotþoli fyrir dómi greint svo frá að hún og ákærði hafi margsinnis áður stundað kynlíf undir áhrifum áfengis.

Í ljósi framangreinds er það mat dómsins að ósannað sé að brotþoli hafi í umrætt sinn verið í slíku ástandi og verður ekki talið að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að huglægum skilyrðum 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga sé fullnægt, sbr. 18. gr. sömu laga.

Að mati dómsins er ekki unnt að leggja til grundvallar við úrlausn málsins þau skilaboð sem fóru á milli ákærða og brotþola dagana á eftir, enda verður af ekki ráðið að ákærði hafi þar gengist við þeim verknaði sem honum er gefin að sök í ákæruliðnum.

Að framangreindu virtu og í ljósi neitunar ákærða er það mat dómsins að ákærvaldinu hafi ekki tekist að færa sönnur á, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að hann hafi gerst sekur um nauðgun með þeim hætti sem lýst er í ákæruliðnum. Verður ákærði því sýknaður af kröfum ákærvalds samkvæmt ákærulið 1.

#### *Ákæruliður 2*

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærði sakaður um nauðgun með því að hafa að kvöldi fimmtudagsins 12. nóvember 2020 og fram eftir aðfararnótt föstudagsins 13. nóvember sama ár í sumarbústað í [...], með ólögmætri nauðung og með því að beita aflsmunum, ítrekað haft samræði við brotþola, án samþykkis, þrátt fyrir að hún reyndi að ýta ákærða frá sér og bæði hann um að hætta, en ákærði hafi haft við hana samræði í sófa í stofunni og stuttu síðar aftur í svefnherbergi og er ákærði hætti í skamma stund hafi brotþoli náð að flýja inn í eldhús en ákærði hafi elt hana og haldið á henni inn í svefnherbergi þar sem hann hélt áfram að hafa við hana samræði, allt með þeim afleiðingum sem lýst er í ákæruskjali.

Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa nauðgað brotþola með þeim hætti sem lýst hefur verið. Hefur hann lýst því að þau hafi farið saman í sumarbústaðinn og skemmt sér vel, leikið með börnunum og borðað saman. Síðasta kvöld þeirra í bústaðnum hafi þau farið saman í heitan pott og drukkið áfengi. Að því loknu hafi þau stundað kynmök í baðherbergi sumarhússins, sem ákærði hefur vísað til sem „venjulegs“ kynlífs, og að því loknu lagst til svefns.

Brotapoli leitaði til neyðarmóttöku Landspítala að kvöldi föstudagsins 13. nóvember 2020. Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings og lækni á neyðarmóttöku er frásögn brotþola af atvikum skráð, líkt og rakið hefur verið. Greinir í vottorðinu að gerð hafi verið líkamsskoðun á brotþola sem ekki hafi leitt í ljós áverka á bók, útlimum eða höfði. Þá hafi á vinstri innri skapabarmi mátt greina lítið mar. Hefur D lækni, sem annaðist réttarlæknisfræðilega skoðun á brotþola í umrætt sinn, borið að hún telji þá áverka sem greindir voru á brotþola vel geta samræmst þeirri háttsemi sem brotþoli hefur lýst. Það sama má ráða af framburði B hjúkrunarfræðings, sem tók á móti brotþola umrætt sinn.

Frásögn brotþola, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, hefur verið staðföst, hún verið sjálfri sér samkvæm og framburður hennar án mótsagna, en þar gætti einnig samræmis við þá frásögn sem höfð var eftir henni við komu á neyðarmóttöku og í öðrum gögnum máls, sem auk þess fær að sínu leyti stoð í framburði vitna. Var framburður hennar fyrir dómi trúverðugur. Við úrlausn málsins verður ekki horft fram hjá því að ákærði og brotþoli voru á þessum tíma skilin að skiptum. Hafði brotþoli þá dvalið í Kvennaathvarfi um nokkurra mánaða skeið ásamt börnum þeirra. Hefur hún sjálf sagt að ástæða þess að þau hafi ákveðið að fara saman í umrædda sumarbústaðarferð hafi verið sú ósk hennar að þau gætu verið vinir, einkum vegna barna þeirra. Verður í ljósi atvika að teljast ótrúverðug sú frásögn ákærða að brotþoli hafi án formála samþykkt að hafa kynmök við ákærða.

Í málinu liggur fyrir vottorð G sálfræðings sem brotþoli leitaði til í kjölfar umræddra atburða. Hefur hann lýst því að brotþoli hafi skorað 74 stig við mat á alvarleika ofbeldis, sem hann segir teljast merki um alvarlegt ofbeldi og að lýsingar brotþola á atburðum hafi verið með þeim grófari sem hann hafi fengið í starfi sínu.

Í ljósi framangreinds er það mat dómsins að leggja beri til grundvallar trúverðuga frásögn brotþola af atburðum kvöldsins og næturinnar. Af framburði hennar má ráða að ákærði hafi misbeitt valdi sínu, nýtt aðstöðumun og þvingað brotþola til ítrekaðra kynmaka með þeim hætti sem lýst er í ákæru, gegn hennar vilja, en brotþoli hefur lýst því að hún hafi berlega látið það í ljós að hún væri alfarið mótfallin samræði við ákærða. Hún hafi hins vegar upplifað sig bjargarlausu. Verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið sem réttilega er heimfærð undir 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

### *Ákæruliður 3*

Í þessum ákærulið er ákærða gefið að sök stórfellt brot í nánu sambandi, með því að hafa viðhaft þá háttsemi sem lýst er í ákæruliðum 1 og 2 og þannig ítrekað, alvarlega og á sérstaklega meiðandi hátt brotið alvarlega gegn þáverandi eiginkonu sinni og skapað viðvarandi ógnarástand í sambandi þeirra líkt og nánar er rakið í ákæruskjali. Er í ákæru ekki vísað til annarra atvika þar um.

Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga þarf brot að vera endurtekið eða lífi, heilsu eða velferð ógnað á alvarlegan hátt. Í athugasemdum með lögum nr. 23/2016 kemur fram að með ákvæðinu sé lögð áhersla á að ofbeldi í nánum samböndum feli ekki einungis í sér samansafn einstakra tilvika heldur megi virða slíka háttsemi sem eina heild. Sé þannig lagt til grundvallar það ógnar- og óttaástand sem getur skapast og jafnframt sú viðvarandi og andleg þjáning, kúgun og vanmáttur sem þolandi upplifir við slíkar aðstæður. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins er það gert að skilyrði að háttsemin sé endurtekin eða alvarleg svo hún verði refsiverð. Með því að háttsemi sé endurtekin er vísað til þess að hún hafi staðið yfir í lengri eða skemmri tíma þannig að telja megi að viðvarandi ógnarástand hafi skapast. Þó sé ekki útilokað að einstakt brot geti fallið undir ákvæðið ef það nær tilteknu alvarleikastigi.

Þá þegar í ljósi þess að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt kynferðisbrot gegn fyrrverandi eiginkonu sinni og barnsmóður telur dómurinn einsýnt að sú háttsemi ákærða sem hann er nú sakfelldur fyrir falli undir fyrrgreint ákvæði 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga.

### *Ákvörðun refsingar*

Samkvæmt sakavottorði ákærða frá 31. mars 2023 var ákærði sakfelldur með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 5. maí 2020 fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, en ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Voru ákærðu í málinu, aðalmenn í brotum, dæmdir í fjögurra og sex mánaða skilorðsbundið fangelsi, en ákærði var hlutdeildarmaður í þeim brotum. Var hans þáttur skilinn frá málinu og dæmdur sérstaklega. Hefur ákærði nú rofið skilorð þess dóms og verður honum ákveðin refsing fyrir það brot samhliða refsingu fyrir þau brot sem honum

er ákveðin refsing fyrir í þessu máli. Að þessu virtu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga ákveðst refsing ákærða hæfileg fangelsi í þrjú ár. Tafir þær sem urðu á rannsókn málsins eru þó ekki þess eðlis að þær hafi áhrif við ákvörðun refsingar.

#### *Einkaréttarkrafa brotaþola*

Í ákæruskjali er höfð uppi einkaréttarkrafa brotaþola, A, að fjárhæð 5.500.000 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum líkt og þar greinir. Brot ákærða sem hann er hér sakfelldur eru fyrir alvarleg og til þess fallin að valda brotaþola umtalsverðum miska. Á brotaþoli því rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Að virtum gögnum málsins eru miskabætur ákveðnar 1.500.000 krónur, með vöxtum líkt og í dómsorði greinir.

#### *Sakarkostnaður*

Samkvæmt greindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 233. gr. og 1. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála verður ákærða gert að greiða eftirtalinn sakarkostnað málsins.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Páls Kristjánssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin í ljósi umfangs málsins 1.807.920 krónur auk útlagðs kostnaðar verjandans vegna þýðinga, 185.604 krónur. Hefur við ákvörðun málsvarnarlauna verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ákærði greiði þóknun skipaðra réttargæslumanna brotaþola, þeirra Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 361.584 krónur, vegna vinnu hennar við málið fram til 25. apríl 2023 og Áslaugar Láru Lárusdóttur lögmanns vegna vinnu hennar frá þeim tíma sem telst hæfilega ákveðin 723.168 krónur, allt að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Þá greiði ákærði annan sakarkostnað málsins að fjárhæð 76.532 krónur, en um er að ræða kostnað vegna læknisvottorðs frá Landspítala vegna komu brotaþola 13. nóvember 2021 og vegna vottorðs B hjúkrunarfræðings á Landspítala.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari.

Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í þrjú ár.

Ákærði greiði brotþola, A, 1.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. nóvember 2020 fram til 27. febrúar 2022 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Kristjánssonar lögmanns, 1.807.920 krónur og 185.604 krónur vegna útlagðs kostnaðar verjandans.

Ákærði greiði þóknun skipaðra réttargæslumanna brotþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 361.584 krónur og Áslaugar Láru Lárusdóttur lögmanns 723.168 krónur.

Ákærði greiði 76.532 krónur í annan sakarkostnað.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson